

Hvanneyrarbúið ehf

Stjórnarfundur haldinn á Hvanneyri 25. nóvember 2019 kl 13:00

Mætt: Pétur Diðriksson, Baldur Helgi Benjamínsson, Egill Gunnarsson, Ragnheiður Þórarinsdóttir og Theodóra Ragnarsdóttir

1. Tillaga að rekstraráætlun 2020

Tillaga að rekstraráætlun 2020 lögð fram til kynningar.

2. Staða rekstrar út október 2019 og áætlun út árið

Bústjóri fór yfir stöðu rekstrar og áætlun út árið var lögð fram til kynningar.

3. Umræða um fjárfestingar

Umræða fór fram um fjárfestingar. Bústjóri lagði fram tillögur sem fengu góðar undirtektir og verða ræddar áfram. Ræða þarf betur forgangsröðun og raunhæfa kostnaðar- og tímaáætlun. Var bústjóra falið að fá tilboð frá nokkrum aðilum vegna fóðursóps og reikna hagræðingu sem kæmi á móti.

Rætt var um möguleikann á því að endurnýja mjaltþjón og mjólkurtank og var bústjóra falið að afla tilboða vegna þeirra. Til greina kæmi að senda umsókn til innviðasjóðs vegna þessa og annarrar endurnýjunar sem viðkemur rannsóknastarfsemi búsins.

4. Umræða um stefnumörkun

Umræða fór fram um stefnumörkun. Vilji er til þess að auka rannsókn- og nýsköpunarstarf og fór hópur á vegum búsins og Lbhí til Danmerkur í sumar til að skoða tilraunaaðstöðu við háskólann í Árósum. Unnið er að skýrslu og tillögum fyrir uppbyggingu aðstöðu m.a. til einstaklingsfóðrunar í Hvanneyrarbúinu byggt á niðurstöðu ferðarinnar. Bústjóri mun ræða tillögur að rannsóknaverkefnum við sérfræðinga og kennara Lbhí. Unnið verður að því að sækja um styrki til rannsókn- og nýsköpunarsjóða. Þá var einnig rætt um að sækja um styrk til LK.

5. Önnur mál

a. Beiðni um að fá að leggja reiðveg yfir spildur jarðarinnar

Bústjóra hugnast ekki að reiðvegur sé lagður yfir spildur jarðarinnar og mun ræða við Pétur Jónsson, rekstarstjóra fasteigna Landbúnaðarháskólans um aðra möguleika til að koma reiðvegi fyrir sem skerði ekki ræktarland búsins.

b. Beitarleiga, umgengni og gjaldtaka

Yfirfara þarf gjaldskrá vegna beitarleigu, sem þykir vera of lág. Hins vegar var bent á að gjaldtaka vegna verktöku fyrir Hestbúið hafi þótt of há og óskað eftir því að það yrði endurskoðað.

c. Önnur störf bústjóra

Bústjóri fór yfir önnur störf sem hann sinnir.

d. Hugsanleg þróun í starfsmannamálum félagsins

Bústjóri fór yfir breytingar sem gætu orðið í starfsmannamálum félagsins á næsta ári, sem mun skýrast á næstu mánuðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.